



ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.

**FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA
FRÁRENNSLISMÆLINGAR**

2020



Rannsóknþjónsustan, Vm. ehf

Desember 2020

1. Inngangur

Í starfsleyfi fyrir fiskimjöls- og lýsisframleiðslu Ísfélags Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum (FES) eru sett fram skilyrði fyrir losun mengunarefna í frárennsli. Að beiðni fyrirtækisins tók Rannsóknþjónustan Vm ehf að sér að taka sýni og láta gera mælingar á frárennsli frá verksmiðjunni.

Frárennsli frá mjölverksmiðjunni er tvíþætt:

1. Frárennsli frá vinnslu þ.e. mjölverksmiðjunni sjálfri (gólf, plön, hráefnisgeymar ofl.) þegar hún er í vinnslu. Þessi hluti fer í gegnum brunn á bryggju og í almenna fráveitu Vestmannaeyjabæjar.
2. Frárennsli frá hreinsivirki. Inn á það er beint bæði vinnsluvatni mjölverksmiðju, vinnsluvatni frá frystihúsi fyrirtækisins að Strandvegi 102 ásamt öllu löndunarvatni sem ekki er endurnýtt meðan löndun á sér stað. Þessu frárennsli (hreinsuðu) er dælt frá hreinsivirkinu gegnum sérstaka lögnað útrás fráveitu bæjarins.

Einungis var tekið sýni úr frárennsli frá vinnslu (1) að þessu sinni á meðan á vinnslu á kolmunna stóð. Engin löndun var í gangi.

2. Sýnataka

Sýni voru tekin handvirkt á þriggja klukkustunda fresti úr frárennslirás og við sjóinntak. Magn hvers sýnis úr frárennslirás var 500 ml og voru þau geymd í kæli við 4°C þar til sýnatöku var lokið. Þá var þeim blandað vel saman og nýtt meðalsýni útbúið sem síðan var notað til mælinga.

Hlutasýni voru send á viðeigandi rannsóknastofu til mælinga sem RÞV er ekki útbúið til. Upplýsingar um rennsli og magntölur í löndun/vinnslu eru fengnar frá verksmiðjunni sjálfri.

3. Mælingar

Magn mengunarefna yfir sólarhring á unnið hráefnistonn

Mælingar voru framkvæmdar hjá rannsóknastofunni Sýni ehf.

Tafla 3.1 Magn hráefnis, mengunarefna og losunarmörk yfir sólarhring í frárennsli frá verksmiðjunni skv. starfsleyfi.

		Mælieining	Kolmunni/Síld 11.12.2020
Löndun /24t		tonn	
Vinnsla /24t		tonn	1.050
Rennsli /24t	Frystihús	m ³ /24t	0
	Löndun	m ³ /24t	0
	Kúttun	m ³ /24t	0
	Bræðsla	m ³ /24t	650
	Samtals	m ³ /24t	650
Frárennsli frá hreinsivirki	Fita	mg/L/24t	0,0
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	0,1
	COD	kg/t hráefnis/24t	0,0
Frárennsli frá verksmiðju*	Fita	mg/L/24t	0,0
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	0,10
	COD	kg/t hráefnis/24t	0,0
Sjór	Fita	mg/L/24t	< 2
	Svifefni	g/t/24t	114
	COD	kg/t/24t	0,1